

**2005 nr. 62 20. maí****[Lög um Neytendastofu]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 125/2013, 4. gr.

**Tóku gildi 1. júlí 2005, nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 25. maí 2005.**  
*Breytt með:* L. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006). L. 34/2007 (tóku gildi 30. mars 2007). L. 29/2009 (tóku gildi 2. apríl 2009). L. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 125/2013 (tóku gildi 31. des. 2013). L. 39/2014 (tóku gildi 1. sept. 2014). L. 18/2021 (tóku gildi 1. okt. 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Neytendastofa er ríkisstofnun sem starfa skal að stjórn-  
 sýsluverkefnum á sviði neytendamála . . .<sup>1)</sup> svo sem nánar  
 er kveðið á um í lögum þessum. Neytendastofa heyrir undir  
 [ráðherra].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 18/2021, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 405. gr.**■ 2. gr.**

□ [Neytendastofa skal annast framkvæmd laga um eftirlit  
 með viðskiptaháttum og markaðssetningu svo sem nánar er  
 kveðið á um í þeim lögum. Þá skal Neytendastofa leysa af  
 hendi þau verk sem henni eru falin í öðrum lögum.]<sup>1)</sup>

□ [Neytendastofa skal stuðla að fræðslu til almennings um  
 neytendamál og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin  
 með lögum eða reglugerðum. Neytendastofa skal skila ráð-  
 herra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.  
 Skýrsluna skal birta opinberlega.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 18/2021, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 34/2007, 12. gr.**■ 3. gr.**

□ Ráðherra skipar forstjóra Neytendastofu til fimm ára í  
 senn.

□ [Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Neytendastofu og  
 ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á að starfsemi og  
 rekstur stofnunarinnar sé í samræmi við lög og stjórnvalds-  
 fyrirmæli, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi  
 við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra getur með reglugerð<sup>2)</sup> sett nánari reglur um  
 skipulag og starfsemi Neytendastofu.

<sup>1)</sup> L. 125/2013, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1066/2021.**■ 4. gr.**

□ Ráðherra skipar áfrýjunarnefnd neytendamála, sem í sitja  
 þrír menn og jafnmargir til vara, til fjögurra ára í senn. Skulu  
 formaður nefndarinnar og varamaður hans fullnægja skilyrð-  
 um til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Ráðherra  
 ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

□ Til áfrýjunarnefndar neytendamála má skjóta stjórnvalds-  
 ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt eftirtöldum lög-  
 um:

a. lögum um eftirlit með [viðskiptaháttum og markaðs-  
 setningu],<sup>1)</sup>

b. . . .<sup>1)</sup>

c. öðrum lögum á málefnasviði Neytendastofu sé heimild  
 til slíks að finna í þeim lögum.

□ Skrifleg kæra skal berast áfrýjunarnefndinni innan fjög-  
 urra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun  
 skv. 2. mgr. Úrskurður áfrýjunarnefndarinnar skal liggja fyr-  
 ir innan sex vikna frá málskoti.

□ Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan  
 stjórnvaldsáráðs og eru aðfararhæfir.

<sup>1)</sup> L. 18/2021, 3. gr.**■ 5.–11. gr. . . .<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 125/2013, 3. gr.**■ 12. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. . . .

□ . . .

**■ 13. gr.**

□ . . .

**■ Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Löggild-  
 ingarstofu boðið annað starf hjá Neytendastofu. Við ráðstöf-  
 un þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um  
 réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

□ Við samþykkt laga þessara skipar [ráðherra]<sup>1)</sup> tveggja  
 manna undirbúningsnefnd sem hafa skal heimild til að und-  
 irbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Lög-  
 gildingarstofu og Samkeppnisstofnunar, eftir því sem við á,  
 annað starf hjá Neytendastofu.

<sup>1)</sup> L. 98/2009, 58. gr.